

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 21. nóvember 2023 í máli nr. 31/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 28. mars 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um þjónustu Y, hér eftir varnaraðila, í tengslum við leigu sóknaraðila á bifreið á vegum varnaraðila.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð 992,21 evrur sem og dráttarkostnað að fjárhæð 1.621,67 evrur eða samtals 2.613,88 evrur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með tölvubréfi, dags. 5. maí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 23. maí 2023.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, ljósmyndir, leigusamningur aðila, skilmálar varnaraðila, ástandsskýrsla bifreiðarinnar, staðfesting á greiðslum sóknaraðila, tjónamat, afrit af tilboði vegna kaupa á varahlutum, afrit af samskiptum sóknaraðila við Neytendasamtökin og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 20. nóvember 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Af gögnum málsins má ráða að sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni [...] hjá varnaraðila dagana 10. – 18. júlí 2022 og greiddi 1.216,43 evrur fyrir. Þann 11. júlí 2022 bilaði bifreiðin og var hún í kjölfarið flutt með dráttarbifreið á starfsstöð varnaraðila. Aðila greinir á um orsakir tjónsins. Að sögn sóknaraðila krafðist varnaraðili þess að sóknaraðili myndi þá þegar greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 220.000 krónur eða 1.591,60 evrur. Greiddi sóknaraðili varnaraðila umkrafða fjárhæð þann 11. júlí 2022. Þar að auki greiddi sóknaraðili samtals 237.000 krónur vegna dráttarkostnaðar til fyrirtækisins [...]. Var sóknaraðili síðan krafinn um frekari greiðslu að fjárhæð 2.590,88 evrur með tölvupósti varnaraðila, dags. 17. júlí 2022. Sóknaraðili greiddi varnaraðila í kjölfarið 1.010,32 evrur en varnaraðili féllst á að eftirstöðvar kröfunnar, 1.580,56 evrur, yrðu greiddar síðar.

Sóknaraðili kveðst ekki bera ábyrgð á bilun bifreiðarinnar og telur sig eiga rétt á endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði og dráttarkostnaði úr hendi varnaraðila. Sóknaraðili hefur fengið greiddar 1.700 evrur úr eigin tryggingum og gerir kröfu um endurgreiðslu á mismun þeirrar fjárhæðar sem hann greiddi í viðgerðarkostnað og þeirrar fjárhæðar sem hann fékk greidda úr eigin tryggingum, samtals 992,21 evrur. Auk þess gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu dráttarkostnaðar að fjárhæð 1.621,67 evrur. Varnaraðili byggir á því að tjón hafi orðið á bifreiðinni í meðförum sóknaraðila og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að þann 10. júlí 2022 hafi sóknaraðili mætt klukkan 10 til að sækja bifreið sem hann hafði bókað á netinu. Sóknaraðili kveðst hafa þurft að bíða í tvær klukkustundir eftir að fá afhenda leigubifreiðina sem hafi verið gömul og ryðguð. Þá vísar sóknaraðili til þess að þann 11. júlí kl. 11:30, tæpum sólarhring eftir afhendingu bifreiðarinnar, hafi bifreiðin bilað. Sóknaraðili hafi í kjölfarið hringt eftir aðstoð og í fyrstu greitt 12.500 krónur og síðar 224.500 krónur til viðbótar vegna dráttarkostnaðar. Auk þessa hafi varnaraðili krafist sóknaraðila um greiðslu áætlaðs viðgerðarkostnaðar að fjárhæð 220.000 krónur og upplýst sóknaraðila um að greiðslan væri skilyrði fyrir afhendingu nýrrar bifreiðar. Kveðst sóknaraðili hafa greitt umkrafinn kostnað og varnaraðili í kjölfarið afhent honum aðra leigubifreið til umráða sem sóknaraðili hafi notað til loka leigutímabils.

Við lok leigutímabilsins, þann 18. júlí 2022, hafi sóknaraðili fengið tölvupóst frá varnaraðila þar sem hann hafi verið krafinn um aðra greiðslu að fjárhæð 2.590,88 evrur. Í kjölfarið hafi sóknaraðili haft samband við [...] sem hafi ráðlagt honum að greiða ekki umrædda kröfu. Kveðst sóknaraðili hafa fengið þær upplýsingar frá lögreglu að umrædd leigubifreið væri gömul og mikið keyrð og því engar sannanir fyrir því að sóknaraðili væri ábyrgur fyrir umræddu tjóni.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi hótað því að krefja sóknaraðila um frekari greiðslu dagsekta ef hann myndi ekki greiða umrædda kröfu þá þegar. Af þeirri ástæðu, auk þess sem honum hafi verið neitað um far á flugvöllinn, hafi sóknaraðili talið sig nauðbeygðan til að greiða 1.010,32 evrur. Varnaraðili hafi gefið sóknaraðila tíma til að kanna með tryggingar áður en eftirstöðvar kröfunnar, 1.580,56 evrur, skyldu greiddar.

Sóknaraðili vísar til þess að engar sannanir séu fyrir því að hann beri ábyrgð á tjóni leigubifreiðarinnar auk þess sem greiðslukröfur varnaraðila byggji aðeins á áætlunum en ekki framlögðum reikningum. Sóknaraðili bendir á að fyrsta greiðslan hafi verið innt af hendi þann 11. júlí um miðja nótt. Á þeim tíma hafi sóknaraðili verið úrvinda af þreytu og hafði þegar greitt 224.500 krónur í dráttarkostnað. Hann hafi því litið svo á að hann væri að tapa pening ef hann neitaði greiðslu umræddrar kröfu. Þá hafi sóknaraðili greitt seinni greiðsluna þann 18. júlí, nokkrum klukkustundum fyrir brottför hans frá Íslandi, enda hafi varnaraðili neitað honum um far á flugvöllinn ef greiðslan yrði ekki innt af hendi. Varnaraðili hafi auk þess hótað sóknaraðila málsókn.

Sóknaraðili tekur fram að mánuði eftir heimkomu hafi hann fengið greiddar 1.700 evrur úr tryggingu og gerir því kröfu um endurgreiðslu á mismun þeirrar fjárhæðar sem hann greiddi í viðgerðarkostnað og þeirrar fjárhæðar sem hann fékk greidda úr eigin tryggingum, samtals 992,21 evrur. Þar að auki gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu dráttarkostnaðar að fjárhæð 224.500 krónur eða 1621,67 evrur.

### 3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi verið kynntir skilmálar varnaraðila og umfang tryggingarverndar við komuna þann 10. júlí 2022. Þá hafi sóknaraðili undirritað ástandsskýrslu bifreiðarinnar sem hafi verið í eðlilegu ástandi við upphaf leigutímabilsins.

Í andsvörum varnaraðila kemur fram að degi síðar, þann 11. júlí 2022, hafi sóknaraðili haft samband við vegaaðstoð vegna vandræða með bifreiðina. Miðað við upplýsingar frá þjónustuveri vegaaðstoðarinnar hafi verið talið að um bilun í kúplingu bifreiðarinnar væri að ræða. Sóknaraðili hafi verið upplýstur um að ábyrgð vegna skemmda á kúplingu sem stafi af öðrum þáttum en eðlilegu sliti hvíli hvorki á varnaraðila né falli undir tryggingu. Varnaraðili bendir á að skoðun sem hafi verið framkvæmd skömmu áður hafi staðfest að kúplingin væri í lagi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi í kjölfarið óskað eftir að fá afhenda aðra bifreið í stað þeirrar sem bilaði. Sóknaraðili hafi verið upplýstur um ábyrgð hans á greiðslu dráttarkostnaðar og áætluðum viðgerðarkostnaði þar til ítarleg skoðun sérfræðings á bifreiðinni gæti farið fram. Þá vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi fallist á að standa straum af áætluðum kostnaði og hafi honum í kjölfarið verið afhend önnur leigubifreið án greiðslu frekari kostnaðar.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi leitað í sína persónulegu tryggingu í kjölfar málsins og óskað eftir yfirlýsingu frá varnaraðila um að tjónið mætti rekja til aldurs ökutækisins. Varnaraðili bendir á að beiðni sóknaraðila hafi verið svarað eftir að niðurstöður frá verkstæði höfðu borist. Samkvæmt niðurstöðu matsins hafi tjón orðið á gírkassa bifreiðarinnar vegna þess að hlutur hafi lent í honum og því ljóst að sóknaraðila hafi verið afhend bifreiðin í góðu standi og engin vélræn bilun hafi komið upp í kúplingskerfi hennar. Í svari varnaraðila við beiðni sóknaraðila hafi verið gerð grein fyrir afstöðu fyrirtækisins og tekið fram að fyrirtækið tæki ekki þátt í tryggingasvikum með því að veita rangar upplýsingar. Varnaraðili bendir á að fyrirtækið hafi veitt greinargóðar upplýsingar um orsakir tjónsins, raunverulegan aldur bifreiðarinnar og þann kostnað sem hlaut af vegna tjónsins. Varnaraðili hafi jafnframt útskýrt fyrir sóknaraðila að tjónið stafaði af utanaðkomandi áhrifum.

Þá bendir varnaraðili á að fyrirtækið hafi í kjölfarið gert kröfu á hendur sóknaraðila um greiðslu eftirstöðva viðgerðarkostnaðarins. Sóknaraðila hafi jafnframt verið boðið að koma á skrifstofu varnaraðila fyrir klukkan 17.00 á skiladegi til að ganga frá gögnum vegna málsins og fá aðstoð frá starfsmanni fyrirtækisins við kröfugerð í eigin tryggingar.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi upphaflega neitað allri ábyrgð á tjóni bifreiðarinnar. Hins vegar hafi sóknaraðili greitt hluta af eftirstöðvum kröfunnar við komu á skrifstofu varnaraðila en tjáð að ákveðið hámark væri á greiðslukortinu og því ómögulegt fyrir hann að greiða alla kröfuna. Varnaraðili hafi samþykkt að eftirstöðvar kröfunnar yrðu greiddar síðar og bendir á að fyrirtækið hafi aðstoðað sóknaraðila eftir bestu getu vegna kröfu sem hann hugðist gera í eigin tryggingar.

Þá bendir varnaraðili á að í kjölfar þess að sóknaraðila hafi verið ljóst að hans persónulega trygging dugði ekki fyrir öllum kostnaðinum hafi hann gert kröfu á hendur varnaraðila um endurgreiðslu á mismun þeirrar fjárhæðar sem hann greiddi í viðgerðarkostnað og þeirrar fjárhæðar sem hann fékk greidda úr eigin tryggingum. Sóknaraðili hafi á sama tíma neitað greiðslu eftirstöðva kröfunnar. Varnaraðili

bendir hins vegar á að hann telji afstöðu tryggingafélags sóknaraðila, að samþykkja greiðslu upp að tilteknu hámarki, sýna fram á réttmæti kröfunnar, enda myndi váttryggingafélag ekki fallast á greiðslu úr tryggingum sóknaraðila ef um váttryggingasvik eða ógilda skaðabótakröfu væri að ræða.

Þá vísar varnaraðili til þess að fyrir upphaf hverrar leigu sé framkvæmd allsherjarúttekt á leigubifreiðunum til að tryggja gott ástand þeirra. Þá beri leigutakar ábyrgð á því að skoða bifreiðar vandlega og láta vita ef eitthvað er að. Umrædd bifreið hafi verið afhend sóknaraðila í eðlilegu ástandi miðað við skoðun sem framkvæmd hafi verið fyrir afhendingu hennar. Þá hafi starfsmenn varnaraðila verið lengur í vinnu svo mögulegt væri að taka á móti sóknaraðila og veita honum bestu mögulegu þjónustu eftir að umrætt atvik hafi komið upp. Starfsmenn hafi aðstoðað varnaraðila og veitt honum allar umbeðnar upplýsingar og gögn. Varnaraðili vilji auk þess koma því á framfæri að sóknaraðila hafi ekki verið ógnað eða haldið gegn hans vilja. Starfsmenn varnaraðila hafi upplýst sóknaraðila um næstu skref hvað varði tjónskostnað og flutning bifreiðarinnar, allt í samræmi við gildandi verklag.

Varnaraðili ítrekar að um sé að ræða tjón sem hafi orðið vegna utanaðkomandi áhrifa á meðan sóknaraðili keyrði bifreiðina. Krafa varnaraðila lúti að endurgreiðslu þess kostnaðar sem féll til vegna tjóns sem varð á umræddri leigubifreið á leigutímanum. Varnaraðili vísar til þess að kaupa hafi þurft nýjan gírkassa en bendir á að viðgerð á bifreiðinni hafi farið fram innan fyrirtækisins vegna tímapressu sökum takmarkaðs framboðs leigubifreiða. Að lokum kveðst varnaraðili tilbúinn til að ljúka málinu með því að sóknaraðili greiði helming eftirstöðva kröfunnar, samtals 796 evrur.

#### **IV Niðurstaða**

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili tók á leigu bifreið af gerðinni [...] hjá varnaraðila dagana 10. júlí til 18. júlí 2022 og greiddi 1.216,43 evrur fyrir þjónustuna. Þann 11. júlí 2022 bilaði bifreiðin og var í kjölfarið flutt með dráttarbifreið á starfsstöð varnaraðila. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili krafist þess að sóknaraðili myndi þá þegar greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 220.000 krónur. Greiddi sóknaraðili umkrafða greiðslufjárhæð sem og 237.000 krónur í dráttarkostnað til fyrirtækisins [...]. Sóknaraðila var í kjölfarið afhend önnur leigubifreið til umráða sem hann notaði til loka leigutímabils.

Með tölvupósti, dags. 17. júlí 2022, upplýsti varnaraðili sóknaraðila um niðurstöðu tjónamats [...]. Kom fram að viðgerðarkostnaður yrði í heild 3.974,39 evrur. Í ljósi þess að sóknaraðili hafði þegar greitt varnaraðila 1.577,06 evrur krafðist varnaraðili frekari greiðslu að fjárhæð 2.590,88 evrur. Sóknaraðili mótmælti kröfunni með tölvupósti degi síðar, eða 18. júlí 2022. Sóknaraðili telur sig ekki ábyrgan fyrir þeirri bilun sem varð í bifreiðinni og krefst endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem varnaraðili krafði hann um. Varnaraðili telur ljóst að tjón á bifreiðinni megi rekja til utanaðkomandi atviks sem hafi orðið á meðan akstri sóknaraðila stóð og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis en með leigusamningi er átt við samning „*milli leigusala og leigutaka um leigu á skráningarskyldu ökutæki án ökumanns og til afnota gegn gjaldi*“, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Í framlögðu tjónamati [...] vegna bilunarinnar, dags. 17. júlí 2022, kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð sé að fjárhæð 554.427 krónur. Kostnaður vegna viðgerðarinnar var sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

	<u>Time</u>	<u>Rate p/hour</u>	<u>Amount</u>
„ <i>Mechanical work</i> “	7,48	17.251	129.037
„ <i>Parts (Discount 0)</i> “			304.839
„ <i>Incidental Material</i> “			7.742
„ <i>Administrative cost</i> “			5.500

Samtala framangreindra fjárhæða var sögð 447.119 króna og virðisaukaskattur tiltekinn 107.309 krónur. Í athugasemdum með tjónamatinu sagði eftirfarandi: „*Damage evalation only. Repair has not been completed. It is unknown who will repair it or when the repair will be made. The gearbox was damaged from what it seems to be hit by an object. The result was for the entire part to be inoperable.*“ Þá liggur fyrir tilboð frá [...], dags. 15. júlí 2022, þar sem er tilgreint að kostnaður vegna gírkassa sé 304.839 krónur, að viðbættum virðisaukaskatti, eða samtals 378.000 krónur.

Kærunefndin óskaði eftir gögnum og upplýsingum frá varnaraðila við meðferð málsins sem sýnt gætu fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila. Var óskað eftir staðfestingu á kostnaði við viðgerð á bifreiðinni eða staðfestingu á að viðgerð hafi sannarlega farið fram. Kærunefndinni bárust svör frá varnaraðila þar sem fram kom að viðgerð á bifreiðinni hafi verið framkvæmd innanhúss og því ekki hægt að leggja fram umbeðin gögn.

Óumdeilt er að tjón eða bilun varð á bifreiðinni þegar sóknaraðili var með hana á leigu en aðila máls greinir á um orsakir tjónsins. Í hefðbundnum leigusamningum er meginreglan sú að leigusali ber áhættuna af því að leiguandlagið spillist af tilviljun á leigutímanum. Ef tjón á hinu leigða má rekja til saknæmrar háttsemi aðila er meginreglan sú að hvor aðila um sig ábyrgist það tjón sem hann hefur valdið. Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni og að sóknaraðili beri ábyrgð á því tjóni með saknæmum og ólögmætum

hætti auk þess sem orsakatengsl séu milli tjónsins og hinnar saknæmu háttsemi. Sé um bilun að ræða sem ekki verður rakin til athafna sóknaraðila verður varnaraðili að bera ábyrgð á því. Í málinu liggur ekkert fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í tjónamati fyrirtækisins [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni eða hvaða fjárhæð, ef önnur en greint er frá í matinu, hafi verið greidd af varnaraðila. Varnaraðili hefur ekki sýnt fram á greiðslu vegna kaupa á nýjum girrkassa í samræmi við framlagt tilboð. Þá hefur ekkert verið lagt fram sem bendir til þess að bilun bifreiðarinnar sé að rekja til sóknaraðila. Ekkert liggur fyrir um að sóknaraðili hafi ekið ógætilega, sýnt af sér gáleysi eða að öðru leyti ekið eða nýtt bifreiðina í ósamræmi við skilmála varnaraðila. Framlagning á fyrrgreindu tjónamati, sem varnaraðili aflaði einhliða, dugar þess heldur ekki ein og sér til þess að sýna fram á að hvaða marki sóknaraðili hafi valdið varnaraðila fjárhagslegu tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi.

Er það mat kærunefndarinnar að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á bifreiðinni. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 3.974,39 evrur frá sóknaraðila. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 220.000 krónur, eða 1.591,60 evrur, þann 11. júlí 2022 vegna áætlaðs viðgerðarkostnaðar. Í kjölfar þess að varnaraðili gerði kröfu um frekari greiðslu þann 17. júlí 2022 greiddi sóknaraðili 1.010,32 evrur til varnaraðila. Þá liggur fyrir að sóknaraðili hefur fengið greiddar 1.700 evrur úr sinni persónulegu tryggingu vegna málsins. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu þess kostnaðar sem sóknaraðili hefur greitt umfram þá fjárhæð eða samtals 901,92 evrur.

Sóknaraðili gerir einnig kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða þann kostnað sem sóknaraðili greiddi í dráttarkostnað vegna bifreiðarinnar. Sóknaraðili hefur lagt fram staðfestingu á tveimur greiðslum vegna þjónustunnar, fyrst 12.500 krónur, eða 90,29 evrur, og síðar 224.500 krónur, eða 1.621,67 evrur. Sóknaraðili greiddi því samtals 237.000 krónur eða 1.711,96 evrur í dráttarkostnað. Í grein 8.8.1. í skilmálum varnaraðila kemur fram að leigutaki sé ábyrgur fyrir kostnaði sem hlýst af því að draga þurfi bilaða eða skemmda bifreið. Enginn áskilnaður er gerður um að bilun eða tjón hafi verið af völdum leigutaka. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í því felst að samningsaðilum ber að efna gerða samninga samkvæmt efni sínu. Í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga er að finna undantekningu frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins má víkja samningi til hliðar í heild eða hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við það mat skal samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Í 36. gr. a. - d. liðar samningalaganna er að finna sérstök neytendaákvæði sem gilda um samninga, meðal annars samningsskilmála sem ekki hefur verið samið um sérstaklega enda séu samningarnir liður í starfsemi atvinnurekanda. en í meginatriðum ekki liður í starfsemi neytanda. Í 36. gr. c. laganna segir eftirfarandi:

*Ákvæði 36. gr. gilda um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr.*

*Við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósanngjarn skal líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem*

*hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til, neytanda í óhag.*

*Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.*

Fyrir liggur að skilmálar varnaraðila sem eru undir í málinu eru samdir fyrir fram, einhliða af varnaraðila, og sóknaraðili hefur ekki haft möguleika á að hafa áhrif á efni þeirra. Er því ljóst að ákvæði 36. gr. c. gildir um skilmálann.

Líkt og að framan greinir er umrætt lagaákvæði undantekningarákvæði frá meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verða því að vera veigamiklar ástæður fyrir því að unnt sé að falla frá samningi af þeim sökum með þeim afleiðingum að samningurinn verði óskuldbindandi. Eins og áður greinir er meginreglan í leigurétti sú að leigusali ber áhættuna af því að leiguandlag ferst eða skemmist af tilviljun eða rýrnar á meðan leigutíma varir. Sama á við þegar afhending á hinu leigða hefur farið fram og leigutaki hefur tekið við vörslum leiguandlags. Þá kemur fram í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015, svo sem tryggja að leigutaki njóti aðstoðar komi til bilana eða atvika sem hefta eða stöðva för leigutaka og varða ökutækið sjálft. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja sanngjarnt og eðlilegt að varnaraðili beri þann kostnað sem hlýst af því að bifreið í þeirra eigu bili, enda hefur ekki verið sýnt fram á að bilun bifreiðarinnar megi rekja til athafna sóknaraðila.

Að mati nefndarinnar er ákvæði 8.8.1. skilmála varnaraðila ósanngjarnt eins og atvikum málsins er háttað þar sem það stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag í skilningi 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Hefur hér ekki síst þýðingu að skilmálinn er í ósamræmi við áður nefnda meginreglu um áhættuskipti í leigurétti og verður ekki séð hvaða rök knýja á um að vikið sé frá henni, neytanda í óhag. Að því virtu telur kærunefndin að víkja beri til hliðar meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu dráttarkostnaðar, samtals að fjárhæð 1.711,96 evrur.

Með hliðsjón af öllu framangreindu ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila annars vegar 901,92 evrur, sem nemur endurgreiðslu áætlaðs viðgerðarkostnaðar að frádreginni þeirri fjárhæð sem sóknaraðili hefur þegar fengið greidda úr eigin tryggingu, og hins vegar dráttarkostnað að fjárhæð 1.711,96 evrur.

**V**  
**Úrskurðarorð**

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 2.613,88 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 kr. verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 kr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson